

Lokagreiðsla af skuldabréfum skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við þá götu sem viðkomandi fasteign er skráð við.

Staðgreiðsluafsláttur verði samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar hverju sinni.

15. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

16. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að víkja frá gjalddögum á B-gjaldi samkvæmt 14. gr. í eftirfarandi tilfellum:

- a. Við innheimtu gatnagerðargjalds af fasteignum við götur sem þegar hafa verið lagðar bundnu slitlagi að hluta eða fullu.
- b. Þegar greiða skal á sama tíma bæði A- og B-gjald, sbr. 15. gr.
- c. Þegar í hlut eiga efnalitlir elli- og örorkulífeyrisþegar.

17. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Hreppsnefnd sker úr um meiri háttar ágreining sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Árskógshrepps í Eyjafjarðarsýslu og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. september 1984.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Selfoss.

#### I Raforka

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

- 1.1. Til almennrar lýsingar. Orkugjald ..... 5,10 kr/kwh.
- 1.2. Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.  
Orkugjald ..... 6,35 kr/kwh.
- 1.3. Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:
 

Aflgjald .....	6 820,00 kr/kw/ár
Viðhaldsgjald .....	7 390,00 kr/kw/ár
Gjald alls .....	14 210,00 kr/kw/ár

 Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

**2. Heimili o. fl.**

- 2.1. Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.  
Orkugjald ..... 4,10 kr/kwh.
- 2.2. Til notkunar í sumarústöðum og sumarhúsum.  
Orkugjald ..... 2,30 kr/kwh.

**3. Vélar o. fl.**

- 3.2. Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kw. Gjaldskylt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.  
Orkugjald ..... 1,50 kr/kwh.  
Aflgjald ..... 5 530,00 kr/kw á ári.

**4. Hitun**

- 4.1. Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.  
Orkugjald ..... 2,31 kr/kwh.
- 4.2. Til húshitunar, roftími 2 \* 90 mín. á dag.  
Orkugjald ..... 0,88 kr/kwh.
- 4.3. Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.  
Orkugjald ..... 3,30 kr/kwh.
- 4.4. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til.  
Orkugjald ..... 0,85 kr/kwh.
- 4.5. Tvígjaldsmæling fyrir hitun í iðnaði og til annarra hliðstæðra nota.  
Orkugjald næturtaxti 9 stundir ..... 1,10 kr/kwh.  
Orkugjald dagtaxti 15 stundir ..... 6,10 kr/kwh.

Um framangreinda gjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kw uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- Að vélaafl, línur og spennir þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiðir leigu af þeim samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitunartæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

**II Fastagjald**

Rafveitan ákvarðar stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

	kr.
Orkumælir, einfasa .....	1 800,00
Orkumælir, þrífasa .....	3 960,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum .....	4 430,00
Orkumælir fyrir sumarhús .....	5 760,00
Aflmælir .....	4 230,00

Aflmælur með straumspennum .....	kr. 4 700,00
Tvígjaldsmælir .....	4 250,00
Klukka .....	370,00

### III Heimtaugargjald

Heimtaugargjald fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málmstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur (kr./m)	Loflína (kr./stólpa)
1 × 63	22,800,00	742,00	6,080,00
3 × 63	24,700,00	742,00	10,500,00
3 × 100	39,200,00	1,140,00	13,300,00
3 × 200	77,500,00	1,880,00	
3 × 315	123,000,00	2,190,00	
3 × 400	157,000,00	Samkv. kostnaði	
3 × 710	279,000,00	Samkv. kostnaði	
3 × 1200	469,000,00	Samkv. kostnaði	

Yfirlengd miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekings notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir nýju heimtaugina að fráregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekings notanda, og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnaði rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnaðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðarheimtaug í vinnuskúr skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

### IV. Ýmis ákvæði

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 380,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 300,00.

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19%, samkvæmt lögum, er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í lið 1.3. viðhaldsgjald og liðum 4.1., 4.2. og 4.3..

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 30 25. janúar 1984.

*Iðnaðarráðuneytið, 31. ágúst 1984.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

2. október 1984

Nr. 392

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 797 16. desember 1982  
fyrir Vatnsveitu Eskifjarðar.**

Við 15. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

„Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og gera má lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðs í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Sé vatnsskattur, aukavatnsskattur, tengigjöld og önnur vatnsgjöld í vanskilum er heimilt að loka vatnsrennsli til gjaldenda.“

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. október 1984.*

F. h. r.  
**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

3. október 1984

Nr. 393

## REGLUGERÐ

**um loðkanínurækt.**

1. gr.

1.1 Loðkanínur (*Oryctolagus cuniculus*) nefnast í reglugerð þessari kanínur, sem aldar eru vegna verðmætis ullar (angórákanínur).

1.2 Loðkanínubú nefnast hús og búr, þar sem loðkanínur eru hafðar í ræktun og vörslu.

2. gr.

2.1 Óheimilt er að flytja til landsins loðkanínur nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins, skv. 1. gr. laga nr. 11 frá 23. apríl 1928. Þeir sem óska eftir að flytja